

Þriðjudaginn 3. september 1985.

Nr. 204/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Franklín Kristni Steiner

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m., er barst Hæstarétti 30. s.m., og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. ágúst 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 28. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að kærða, Franklín Kristni Steiner, atvinnulausum, með dvalarstað að Grettisgötu 64, fæddum 14. febrúar 1947 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. nóvember 1985, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 254. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og brota á ávana- og fíkniefnalögum.

Málavextir.

RLR hefur undanfarið rannsakað stórfelld innbrot í íbúðarhús í Reykjavík, þar sem stolið var miklum verðmætum og komið undan. Hluti þýfis

hefur fundist, en grunur leikur á, að sá hluti þess, er eigi hefur komið í leitirnar, hafi verið notaður til fíkniefnakaupa. Við rannsókn málsins hafa margir verið kærðir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Framburðir nokkurra þeirra hafa legið að því, að kærða, Franklín K. Steiner, hafi verið afhentur verulegur hluti þýfis úr framangreindum innbrotum í skiptum fyrir ávana- og fíkniefni. Ákærði hefur alfarið neitað þessu. Kærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa hitt nokkra þeirra, er málinu tengjast, og þeir boðið sér ýmis verðmæti til kaups, s.s. gull, byssur og skartgrip, en kærði ekki haft áhuga á slíku.

Kærði hefur ekki stundað fasta vinnu um langa hríð, en að eigin sögn stundað bílaviðgerðir. Kærði hefur á þessu ári leigt herbergi að Grettisgötu, en lítið dvalið þar undanfarið. RLR hefur leitað hans síðan 10. ágúst sl., og er talið, að hann hafi verið í felum vegna rannsóknar máls þessa.

Brotaferill kærða í ávana- og fíkniefnamálum er samfelldur frá 1972, og hefur hann margoft verið dæmdur hérlandis fyrir slík brot, bæði innflutning og dreifingu slíkra efna, auk þess fyrir hegningarlagabrot, en einnig hefur kærði hlotið dóma á hinum Norðurlöndunum vegna brota á ávana- og fíkniefnalöggjöf.

Kærði hlaut reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 240 dögum, í 1 ár frá 15. febrúar 1984. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum rannsakar nú mál vegna meðferðar kærða á fíkniefnunum LSD, amfetamíni og hassi. Hjá ríkissaksóknara er til meðferðar kærðumál vegna fíkniefnamisferlis kærða.

Aðrir, er kærðir hafa verið í málinu, hafa borið, að kærði Franklín hafi boðið mönnum fé fyrir að vinna öðrum mönnum tjón vegna grunsemda kærða um, að þeir greindu frá honum sem dreifingaraðilja fíkniefna.

Brot þau, er kærði er nú grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu skv. 254. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og skv. ávana- og fíkniefnalögum.

Verulegs misræmis gætir í framburði kærða og annarra í málinu.

Mál þetta, hvað varðar þátt kærða, er á frumstigi rannsóknar. Kærði er síbrotamaður, er hefur eigi fasta vinnu, og grunur leikur á, að hann afli sér fjár til framfæris m.a. með því að taka við þýfi, er hann komi í verð, og láti í stað ávana- og fíkniefni. Veruleg hætta er á, að kærði haldi þessu áfram, meðan málum hans er ólokið. Kærði er grunaður um að vera dreifingaraðili ávana- og fíkniefna og að hafa hóttað „viðskiptavinum sínum“ miklum ófarnaði, greini þeir rannsóknaraðiljum frá þætti hans.

Þegar allt framanritað er virt, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1., 2., 3., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi þar til miðvikudaginn 6. nóvember 1985, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Franklín Kristinn Steiner, skal sæta gæsluvarðhaldi þar til miðvikudaginn 6. nóvember 1985, kl. 17:00.

Mánudaginn 30. september 1985.

Nr. 72/1985

103/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gunnhildi Gunnarsdóttur

(Jón Oddsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Málasamsteypa. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Dómi sakadóms Akureyrar frá 29. nóvember 1984 í málinu ákærvaldið gegn Gunnhildi Gunnarsdóttur var hinn 1. mars 1985 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærðu, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar ákærðu. Þá er einnig hinn 17. apríl 1985 áfrýjað til þyngingar dómi sakadóms Akureyrar 4. mars 1985 í öðru máli ákærvaldsins gegn Gunnhildi Gunnarsdóttur. Eru brot þau, sem ákærðu er gefin sök á í málum þessum, bæði framin áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Ágrip bárust Hæstarétti 30. júlí 1985.

Með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma ber að staðfesta niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og heimfærslu til refsíákvæða.

Við ákvörðun refsingar ber að leysa úr því, hvort skilorðsdómur ákærðu frá 18. júní 1984 skuli haldast eða hvort taka skuli öll málin til meðferðar og dæma þau í einu lagi, sbr. 60. gr. almennra hegng.